


GULL FOSS

Lífið
um
borð



GULLFOSS

– lífið um borð

**Pétur Már Ólafsson
tók saman**

TÁKN
Bókaútgáfa

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit

Formáli	6
1. kafli <i>Flaggskip íslenska flotans</i>	8
2. kafli <i>Gullfoss með augum þess sem aldrei kom um borð, eftir Ólaf Gunnarsson</i>	24
3. kafli <i>Alltaf jafnindælt að koma um borð, eftir Auði Laxness</i>	28
4. kafli <i>Með nýbökudum Nóbelsverðlaunahafa til Íslands, frásögn Indriða G. Þorsteins-sonar</i>	36
5. kafli <i>Gamlir fjendur sættast, Thor Vilhjálmsson segir frá</i>	46
6. kafli <i>Daglegt amstur áhafnar</i>	60
7. kafli <i>Sjóhrædda verður að hugga, Ólafur Skúlason aðstoðarbryti á Gullfossi segir frá</i>	84
8. kafli <i>Það gýs upp úr sjónum! frásögn Sigfúsar Halldórssonar</i>	94
9. kafli <i>Fólk er ekkert til að óttast, rætt við Sigurð Rúnar Jónsson (Didda fiðlu)</i>	98
10. kafli <i>Happaþrenna eða Fátt er betra en fara vel, eftir Sigurð A. Magnússon</i>	104
11. kafli <i>Gullfoss fer til Casablanca</i>	118
12. kafli <i>Karлакór Reykjavíkur til Suðurlanda með Gullfossi, eftir Ragnar Ingólfsson</i>	128
13. kafli <i>Hrifning og stolt</i>	132
14. kafli <i>Sundurlausar hugleiðingar um Gullfoss, eftir Magnús Þórðarson</i>	138
15. kafli <i>Ilmur inn af öræfum, eftir dr. Gunnlaug Þórðarson</i>	150
16. kafli <i>Sjóferð, sem engar sögur fara af, eftir Bryndísi Schram</i>	156
17. kafli <i>Eins og í ævintýri... , eftir Práin Bertelsson</i>	162
18. kafli <i>Berfætt í Princess Street, frásögn Ólafar Pálsdóttur</i>	168
19. kafli <i>Með „Gullinu“ á öðru, eftir Ólaf Hauk Símonarson</i>	174
20. kafli <i>Farþegar með augum áhafnar</i>	180
21. kafli <i>Gullfoss-reisan í apríl 1966, eftir Guðmund Haraldsson</i>	202
22. kafli <i>Með Gullfossi á vit ævintýranna, eftir Ólaf Ormsson</i>	214
23. kafli <i>Ferð með Gullfossi frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur í september árið 1973, eftir Gunnar Finnsson</i>	224
24. kafli <i>Flughræðsla, eftir Flosa Ólafsson</i>	236
25. kafli <i>Lághvatalotterí og timburmenn</i>	244
26. kafli <i>Óopinber innflutningur skipverja</i>	256
Nafnaskrá	268

Berfætt í Princess Street

frásögn Ólafar Pálsdóttur

Ólöf Pálsdóttir stundaði nám í höggmyndalist við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn árin 1949–1955 en þar vann hún til gullverðlauna skólans. Ólöf dvaldist einnig við nám í Egyptalandi og á Ítalíu. Skömmu eftir að hinn nýi Gullfoss hóf að sigla á milli Íslands og Danmerkur tók Ólöf sér far með honum heim í sumarleyfi.

Blankur námsmaður á þriðja farrými

– Ég ferðast vanalega með mikinn farangur, enda hef ég alltaf verið dálítið veik fyrir fötum. Þegar ég var á listaháskólanum fór um við í margar námsferðir víða um lönd. Sumir höfðu varla nokkurn farangur með sér en ég sá til þess að vinir mínir hefðu nóg að gera við að dragast með koffort mín. Í þetta skipti var ég líka með mikið meðferðis. Strax á bryggjunni kom gamall skólabróðir og bauðst til að bera töskurnar fyrir mig. Ég vissi að hann var orðinn svolítill burgeis heima. Og fleiri buðu reyndar fram hjálp sína. Þeir ætluðu strax að æða inn á fyrsta farrými með þjónkur mínar en ég stoppaði þá snarlega af.

„Nú ertu á öðru farrými, Lóla mín?“ spurðu þeir hissa af því að ég var þekkt fyrir að vera góðu vön á skólaárum okkar.


„Nei“, svaraði ég, „á þriðja.“

„Ha, ertu í lestinni?“ Og ekki minnkaði undrunin.

„Já, já,“ sagði ég.

Þá klappaði gamli skólabróðirinn á öxlina á mér og sagði: „Heyrðu Lóla, komdu bara hvenær sem þú vilt, við hjónin erum nefnilega á fyrsta og þú ert alltaf velkomin til okkar.“

Ég kann ekki við að nefna nafn þessa heiðursmanns því að það rann ekki af honum alla ferðina svo það hefði varla aukið á ánægju mína í ferðinni að fara að banka upp á hjá þeim hjónum.



Beðið eftir Gullfossi við Asiatisk-plads í Kaupmannahöfn.

Mér fannst ekki nema sjálfsagt að ferðast á þriðja farrými þar sem ég var blankur námsmaður. En þegar ég kom niður sá ég fyrst hvernig það var, – hengikojur í lestinni. Um nóttina kom í ljós að þarna var algjörlega ósofandi því að karlar völsuðu þar um með flösku í hendi í leit að gleðskap.

Framan af var ég að drepast úr sjóveiki, svo mjög raunar að mig rámar ekki einu sinni í það. Hólmsfríður Pálsdóttir leikkona minnti mig hins vegar á þetta um daginn. Hún miskunnaði sig yfir mig þar sem ég lá þungt haldin, að hennar sögn, og tróð mér inn á annað farrými til þriggja kvenna.

Eftir því sem nær dró Leith skánaði sjóveikin. Þegar við lögðum þar að einblíndu stelpurnar í kringum mig á tvo herra menn á bryggjunni og ræddu um það sín á milli hvað þetta væru myndarlegir menn og hvers þeir væru að vitja á Gullfossi. Ég þekkti strax annan þeirra, það var vinur minn Axel Ólsen. Ég sagði þeim að þeir væru komnir til að hitta mig. Þær urðu býsna súrar, fannst óþarfi að það skyldu tveir glæsilegir karlmenn bíða mín í Skotlandi. Ég átti von á því að Axel tæki á móti mér. Hann var danskur maður, bjó lengi í Færeyjum og þekkti vel til fjölskyldu minnar. Hann vildi taka á móti mér og sýna mér ýmislegt í Edinborg en þangað hafði ég aldrei komið. Með honum var vinur hans, enskur læknir. Axel vildi nota tækifærið og leyfa þessum enska vini sínum að sjá hið



Ólöf Pálsdóttir við eina af styttum sínum í skónum góðu.

nýja flaggskip íslenska flotans. Ég byrjaði á að draga þá með mér niður í lest og sýndi þeim þriðja farrými og síðan afganginn af skipinu.

Á eftir gengum við saman inn í bæinn. Þá voru móðins harðir og háhælaðir skór með þykkum sólum. Mínir voru úr slönguskinni og þóttu óskaplega fínir. En þeir voru svo óþægilegir að ég fór úr þeim, gekk berfætt upp Princess Street og fór meira að segja þannig til fótanna í kastalann. Vinir mínir voru mjög séneraðir yfir þessu vegna þess að allir horfðu á þessa berfættu stúlku. Tuttugu árum síðar kom í heimspresunni að leikkonan Aníta Ekberg, sú með stóra barminn, hefði gengið berfætt upp þessa frægu götu og þótti mikil frétt. Ég hef alltaf verið á undan mínum tíma!

Ég var líka alltaf svolítið svag fyrir góðum skóm. Ég tróð mér inn

í allar fínustu skóbúðirnar á Princess Street í fylgd Axels og læknisins. Axel sagði móður minni seinna hvernig ég hefði gengið fram af öllum í verslununum. Afgreiðslustúlkurnar urðu að koma með pappír til að setja utanum fætur mína þegar ég mátaði. En ég kom út með tvenna skó af sömu tegund, þá dýrustu í búðinni, handsaumaða sem ég á ennþá. Þegar degi tók að halla snerum við aftur niður að höfn þar sem Gullfoss lá og ég þakkaði Axel og lækninum fylgdina.

Benedikt Eiríksson kom um borð í Leith. Faðir hans, Eiríkur Benedikz, hafði kennt mér ensku í Verzlunarskólanum. Seinna hittumst við Eiríkur þegar maðurinn minn, Sigurður Bjarnason, varð sendiherra í London. Þá vann Eiríkur við íslenska sendiráðið þar í borg. Allir synir hans eru hámenntaðir menn. Bensi er sérstakur maður, geysilega minnugur og skemmtilegur. Hann gat líka sungið, – sérstaklega óperur.

Jóhannes Nordal var við nám í London á þessum árum. Hann kom á Gullfoss í Leith á leið heim í sumarfrí. Við systurnar höfðum verið í sveit með Jóhannesi og Jóni bróður hans eitthvað líka hjá elsta móðurbróður mínum, séra Eiríki Stefánssyni presti og prófasti á Torfastöðum. Jóhannes var aðeins yngri en við systurnar og Karl fóstursonur séra Eiríks. Það var dálítill stríðni í okkur og fannst okkur við þurfa að ná Jóhannesi niður á jörðina fyrst þegar hann kom. Við urðum að snúast töluvert að okkur fannst, sækja kýr og hesta, fara niður á veg með mjólkurbrúsa, sem var þó nokkuð langt, færa fólkinu á engjarnar og þar fram eftir götunum. Stundum tvímenntum við á sömu truntunni. Eftir að Jóhannes kom þrímenntum við oft. Þá sáu við til þess að ef við fórum niður brekku var hann fremstur og aftastur ef við fórum upp. Síðan létum við hann detta annaðhvort fram eða aftur af hrossinu.

Við sigldum oft á pramma á polli sem var þarna. Einhverju sinni duttum við systurnar í hann. Við þorðum ekki að láta frænda okkar komast að þessu þannig að við sendum Jóhannes til að sækja töskurnar okkar svo við gætum skipt um föt inni á pínulitlum kamri. Þegar Jóhannes var að burðast með fötin okkar mætti hann séra Eiríki og varð að svara fyrir hvað hann væri að gera með töskur stelpnanna úti á hlaði. Og fékk skammirnar sem við systurnar áttum.

Söngsprauta og síðir pelsar

Síðasta kvöldið í Gullfossferðinni ætluðum við að halda mikið gilli aftur á öðru farrými. Gunnar Ásgeirsson og Sveinn nokkur heildsalar voru inni á fyrsta og buðu Fríðu Páls að halda gleðina þar. En hún var ekkert á því. „Við höldum okkur á okkar öðru plássi,“ sagði hún ákveðin. Jóhannes Nordal reyndist drjúgur í skipulagningu hófsins. Um kvöldið var sungið alveg geysilega mikið og sérstaklega gekk Bensi vasklega fram í því. En þegar leikurinn stendur sem hæst verður það vöðalega slys að hann missir röddina gjörsamlega. Nú voru góð ráð dýr. Án Bensa var söngur-

inn heldur daufur. Þá dettur okkur Guðrún Á. Símonar óperu-söngkona í hug.

Hún var í þessari sömu ferð en sigldi á fyrsta farrými. Fósturfaðir hennar studdi hana ríkulega til söngnáms. Guðrún vildi ekki vera með okkur í þessari veislu. Okkur fannst það dálítið fúlt að verða að komast af án þessarar miklu söngkonu. Hún var þá þegar orðin frekar fín með sig, hafði ekki áhuga á að taka þátt í gleðskapnum með okkur heldur lá út af og hvíldi sig á fyrsta farrými.

Við Fríða erum sendar á fund hennar, bönkum á dyrnar hjá henni og göngum síðan inn. Við bjóðum gott kvöld, biðjum hana hæversklega að afsaka ónæðið og segjum svo: „Því miður vildi það óhapp til að hann Bensi greyið missti röddina. Og hann er ómissandi í söngnum. Heldurðu að þú lánir okkur ekki söngsprautuna þína svo hann geti haldið áfram að syngja með okkur?“ Hún var þá með einhverja söngsprautu sem Fríða vissi eitthvað um og átti að vera mikið töfratól. Þá rís Gunna upp við dogg og segir hvellri röddu: „Eruð þið vitlausar stelpur! Dettur ykkur í hug að ég láni sprautuna sem ég fékk frá prófessornum mínum ofan í kjaftinn á honum Bensa?“ Við vissum ekki hvert hún ætlaði að komast þannig að við kvöddum að sinni og fórum aftur í gleðskapinn. En svo gerist það merkilega að Bensi fær öllum að óvörum röddina á ný án þess að grípa þurfi til sprautunnar frá prófessornum. Við gátum haldið áfram að skemmta okkur og farþegarnir af fyrsta farrými sóttu stíft að komast í hópinn.

Þegar við fórum að nálgast land gerðist Guðrún Símonar óróleg. Það fór ekki hjá því að við tækjum eftir því að eitthvað hvíldi þungt á henni. Hún gekk um skipið og það var eins og hún mældi samferðamenn sína út. Skömmu síðar kom hún til mín og sagði: „Ég er búin að sjá það að þú ert ein af fáum hér um borð sem gætu átt pels.“

Ég spurði hvað hún ætti við.

Þá var hún með of mikið af ýmsu og spurði hvort mér væri ekki sama þótt ég færi í pels í land. Að sjálfsögðu var ég til í það, alltaf til í eitthvert grín. En henni var ekki hlátur í huga heldur horfði hún grafalvarleg á mig. Svo sótti hún pelsinn sem reyndist ná frá hálsi og niður að tám. Guðrún var líka með eitthvað of mikið af skóm svo ég fer í eina. Ég er með frekar litla fætur svo skórnir pössuðu mér engan veginn. Ég hafði ekki fylgst með því að á Íslandi var skortur á ýmsu og hugsaði ekkert út í það af hverju hún væri með svona voðalega mikið af fötum. Datt einna helst í hug að þetta fylgdi söngkonum eða þá að prófessorinn hennar sem lét hana fá söngsprautuna hefði leyst hana út með gjöfum. Fríða Páls var svo einnig skrydd loðfeldi frá Guðrúnu.

Gullfoss lagðist við bryggju og við Fríða stóðum og vinkuðum fólki í landi í þessari múnderingu. Ég sá hvernig tvær vinkonur mínar sem voru að taka á móti mér hnippu hvor í aðra og voru greinilega að velta því fyrir sér hvað ég væri að gera hálfsockin í þennan umfangsmikla loðfeld. Ég stóð og veifaði þeim af miklum móð en þær voru hálfþeimnar við að svara í sömu mynt. Þó kom veiklulegt vink frá þeim.



Ólöf Pálsdóttir. Myndin er tekin um svipað leyti og hún sigldi heim með Gullfossi.

Pannig klædd valsaði ég niður landganginn og inn í tollinn. Þá var nokkurt fas á Guðrúnu Á. Símonar og þóttist hún ekki þekkja okkur Fríðu. En um leið og við erum komnar í gegn vindur hún sér að okkur og segir: „Jæja, ég þakka ykkur alveg kærlega fyrir, nú get ég tekið þetta.“ Ég kom því út úr tollinum þelslaus, – og ekki vakti það minni athygli hjá vinkonunum. En út á þetta fengum við Fríða boðsmíða á tónleika hjá hinni stórbrotnu söngkonu Guðrúnu Á. Símonar skömmu síðar.


Það var ekki fyrr en seinna að ég frétti að fósturfaðir Gunnu rak þelsaverslun í Reykjavík.

Ég fór fleiri ferðir með Gullfossi en þessa. Aldrei varð þó af því að við hjónin færum í Gullfossferðina sem maðinn minn dreymdi alltaf um. Sigurður vildi að við tækjum svítuna á Gullfossi og nytum þess að sigla milli landa, laus við dagblöð, símtöl og pólitík. Hann tók sér aldrei sumarfrí þau þrjátíu ár sem hann sat á þingi og vann við Morgunblaðið, lengst af sem ritstjóri, svo það varð ekkert af þeirri siglingu.

Gullfoss sigldi reyndar enn eftir að við vorum orðin sendiherrahjón í Kaupmannahöfn árið 1970. En þar var líka nóg að starfa og fljótlegri ferðamáti varð alltaf fyrir valinu. Það fór þó ekki hjá því í Kaupmannahöfn að Gullfoss og farþegar kæmu við sögu. Einu sinni kom ég til dæmis niður á hafnarbakka á síðustu stundu með brjóstmynd af Halldóri Laxness í fanginu. Hinn mikli listvinur, Ragnar Jónsson í Smára, hafði pantað skúlptúrinn hjá mér og Halldór setið fyrir heima á Íslandi. Þetta voru reyndar frumdrög að miklu stærra verki sem Ragnar hafði líka beðið um. En þessi stytta sem ég var með þarna á hafnarbakkanum á elleftu stundu var nýkomin úr bronssteypingu og átti að fara heim þar sem hún var síðan sett upp í Þjóðleikhúsinu. Svo vildi til að fyrirmyndin sjálf var farþegi með Gullfossi í þessari sömu ferð.

Eftir einhverjum leiðum komst danska stórblaðið Politiken í sögunu og daginn eftir mátti lesa þar að skipstjórinn á Gullfossi hefði spurt íslensku sendiherrafrúna hvað það væri sem hún væri með í fanginu. „Det er hovedet af Laxness,“ var svarið og samkvæmt Politiken á þá Halldór að hafa gægst út fyrir borðstokkinn og sagt: „Det troede jeg nu sad på min hals.“

Síðasta minning mín tengd Gullfossi er þegar við héldum kvöldverðarboð í sendiherrabústaðnum í Kaupmannahöfn fyrir þá Kristján Aðalsteinsson, skipstjóra á Gullfossi, og Ásgeir Ásgeirsson, fyrrverandi forseta Íslands. Þessir tveir öldnu heiðursmenn voru aufúsugestir og þegar þeir kvöddu okkur um kvöldið lögðu þeir upp í eina af allra síðustu ferðum Gullfoss heim til Íslands.



Stytta af Halldóri Laxness. Henni var stolið úr Þjóðleikhúsinu og hefur ekkert til hennar spurst síðan.